

um aðild að háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Flm.: Magnús Jónsson, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja sem fyrst viðræður við Sameinuðu þjóðirnar um samstarf Íslands og hins nýja háskóla Sameinuðu þjóðanna með það í huga, að ein eða fleiri deildir skólans verði staðsettar á Íslandi eða að íslenskar rannsóknarstofnanir taki upp samvinnu við háskólann um einstök verkefni.

Greinargerð.

Á síðasta hausti samþykkti 27. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stofnun alþjóðlegs háskóla á vegum samtakanna. Miðstöð háskólans verður í Japan, en gert er ráð fyrir, að einstakar deildir hans og vísindastofnanir starfi víða um heim, þar sem þeim hefur verið boðið aðsetur og aðstaða af hlutaðeigandi ríkisstjórn. Á háskólinn einkum að vinna að verkefnum, sem telja má sameiginleg hagsmunamál allra þjóða, svo sem að öllum þáttum þróunarmála, vandamálum umhverfis mannsins baráttu við hungur og skort, auk hagnýtra rannsókna á vísinda- og tæknisviði. Er hér ekki um að ræða háskóla í hefðbundnum skilningi, þar sem skólinn mun ekki annast kennslu stúdenta, heldur vísindastofnanir, sem vinna að ákveðnum rannsóknarverkefnum, og annast einnig framhaldsþjálfun ungra vísindamanna (post-graduate education).

Samband háskólans og vísindastofnana og háskóla í vistlöndum hans getur verið (venns konar: Annars vegar er um það að ræða, að upp verði komið vísindastofnun af hálfu vistlandsins, er starfi sem deild í háskóla S. þ. og vinni bæði að innlendum og alþjóðlegum verkefnum, hins vegar, að vísindastofnanir, sem þegar eru starfandi í landinu, tengist háskólanum að nokkru leyti (affiliation) og vinni að ákveðnum rannsóknum í samvinnu við hann. Að því er kostnað varðar, er gert ráð fyrir, að vistlandið greiði fastan kostnað, þ. e. laun og húsnæði, en fé til einstakra rannsóknarverkefna og tækjakaupa komi úr sjóðum háskóla S. þ.

Gert er ráð fyrir, að háskólinn hefji störf síðari hluta árs 1974. Hafa allmörg ríki þegar lýst áhuga á því að eiga samvinnu við hinn nýja háskóla, bæði til þess að miðla af eigin sjóði í vísindaefnum og einnig til þess að öðlast reynslu og hag, sem felst í slíkri alþjóðlegri vísindasamvinnu á vegum háskólans, en hann mun hafa færustu vísindamönnum á að skipa í starfsliði sínu.

Sýnist vissulega tímabært, að Íslendingar hyggi nokkuð að því, hvort ekki geti verið hyggilegt og hagkvæmt fyrir íslenskar rannsóknarstofnanir eða Háskóla Íslands að taka upp samvinnu við hinn nýja alþjóðlega háskóla. Kæmu þar fyrst og fremst til greina vísinda- og rannsóknarsvið, þar sem Íslendingar standa framarlega og hafa því af nokkru að miðla, en væri kærkomið að fá einnig fulltingi erlendra vísindamanna og atbeina erlendra vísindasjóða við framkvæmd einstakra rannsóknarverkefna og öflun rannsóknartækja. Gæti slík samvinna vissulega orðið frjóvgandi og örvandí fyrir íslenskar rannsóknir og jafnframt mikilvægt framlag að því er varðar hagnýtan rannsóknarárangur fyrir íslenska atvinnuvegi. Jafnframt gæti með slíku samstarfi skapast aðstaða til fræðslu í ýmsum vísindagreinum við Háskóla Íslands, sem nú skortir, þótt ekki sé gert ráð fyrir, að vísindamenn háskólans annist almenna stúdentakennslu, svo sem áður segir.

Benda má hér á, að vel kæmi til greina að hefja slíkt samstarf við háskólann á sviði haf- og fiskifræða. Þar taka Íslendingar þegar þátt í allumfangsmiklum alþjóðlegum rannsóknum, en mörg rannsóknarverkefni bíða, sem til greina kæmi að hafa samvinnu við erlenda vísindastofnun um. Eru íslenskir vísindamenn hér í aðstöðu til þess að vinna umfangsmikil rannsóknarstörf, sem alþjóðlegt gildi munu hafa, en jafnframt hafa hagnýtt gildi fyrir íslenska atvinnuvegi og þjóðarþúskap. Hefur sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum þegar við umræður um háskóla S. þ. á 27. allsherjarþinginu og nú aftur í haust vakið athygli á, að verið gæti, að Íslendingar hefðu áhuga á samstarfi við háskólann á þessu sviði. Samstarf við háskólann á sviði jarðvísinda og jarðhitarannsókna kæmi hér einnig til greina.

Þótt lauslega hafi þannig verið gefið til kynna, að íslensk stjórnvöld hafi áhuga á samstarfi við hinn nýja háskóla, þarf meira að koma til. Nauðsynlegt er að hefja þegar viðræður í alvöru við yfirvöld hans um mál þessi. Sýnist ekki ástæða til þess að efa, að íslenskum rannsóknum og vísindastofnunum væri það mikil lyftistöng og hvati að taka upp samvinnu við hinn nýja alþjóðlega háskóla um verkefni, sem Íslendingum yrðu að miklu gagni, en jafnframt hefðu alþjóðlegt gildi. Litilli þjóð býðst hér ómetanlegt tækifæri til þess að njóta samvinnu og leiðsagnar vísindastofnunar í fremstu röð, og það tækifæri ber að nýta.